

FERÐALÖG

Fuglaparadís í færæyskri hlið

Auk þess að vera aðsetur eins fallegasta bæjar í Færeyjum hefur hin litla Nólsey stærstu stormsvölubýggð veraldar sér til ágætis. **Hanna Katrín Friðriksen** blaðamaður og **Bára Kristinsdóttir** ljósmyndari fóru í miðnæturrölt um eyjuna með fuglafræðingi.

VIÐ komum til Nólseyjar eftir tuttugu mínútna sólskinssiglingu frá Þórshöfn. Við höfnina beið hópur heimamanna eftir því sem skilaði sér í land; fólk sem var að koma heim frá vinnu í Þórshöfn, varningi ýmiss konar og svo ferðalöngum eins og okkur. „Þið eruð Íslendingar,“ var sagt við hliðina á mér í spurnartón þar sem ég stóð á bryggjunni og virti fyrir mér fallegan bæinn. „Eg sé það á klæðnaðinum,“ bætti röddin við, og átti, eins og nánari útskýringar leiddu í ljós, við stuttbuxurnar. Innfæddum þótti greinilega kaldara en Íslendingunum. Þar var komin Marita Gulkklett. Án frekari málalenginga vísaði hún veginn upp í bæinn sem kúrir í brekku upp af höfninni, lítill og einhvern veginn svo rólyndislega myndrænn. Ferðinni var heitið á Kunningastovuna þar sem fyrirhugað var að gista. Á leiðinni benti Marita á nokkur kennileiti, það var fljótgert, tvær verslanir, sjoppa, ein kaffistofa.

Kunningastovnan er í venjulegu íbúðarhúsi ofarlega í bænum. Þar var í vor opnuð nokkurs konar upplýsingastofa fyrir ferðamenn með gistingu í tveimur herbergjum og kaffistofu þar sem bæði er boðið upp á mat ef pantað er með fyrirvara og kaffi og meðlæti. Þar er líka boðið upp á minjagripi til kaups. Gistingin kostar 150 kall færæyskar á mann með morgunverði, sem samsvarar fimmtán hundruð íslenskum krónum.

„Við sjáumst í kvöld,“ sagði Marita svo um leið og hún kvaddi, en þegar hún sá spurnarsvipinn, staldraði hún við til þess að útskýra að hún væri eiginkona Jens-Kjeld Jensens, fuglafræðingsins sem ætlaði með okkur í stormsvölutúr um miðnætti.

Næstu tímar liðu við rölt um kyrrlátan bæinn. Hefðum við ekki rekist á einstaka barn að leik og eldra fólk á rölti hefði verið hægt að telja okkur trú að bærin væri í eyði. Við kíktum inn í sjoppuna og spjölluðum við afgreiðslukonuna, hættum við að fara inn á kaffihúsið af því að veðrið var svo gott, röltum niður á bryggju þar sem feðgar sátu og dorguðu og skoðuðum kirkju bæjarins. Og öll hin húsin í leiðinni.

Fuglaparadísin Nólsey

Klukkan var farin að halla í miðnætti þegar við bönuðum upp á hjá hjonunum Maritu Gulkklett og Jens-Kjeld Jensen í útjaðri bæjarins. Þau eru greinilega vön því að taka á móti gestum og vísuðu okkur fyrst inn í musteri fuglaskoðarans þar sem Jens-Kjeld hélt fyrir okkur stutta tölu um fuglaparadísina Nólsey og sýndi okkur uppstoppað safn fugla tegunda sem hafast við á eyjunni.

Á meðan Jens-Kjeld gerði sig kláran í gönguna settumst við í eldhúsið hjá Maritu þar sem hún var að vinna við gerð minjagripa sem allir tengdust fuglum. Hún sagði okkur að árlega kæmu í kringum fimmtán hundruð manns við í húsinu þeirra, og þá aðallega yfir tvo helstu ferða-

mánuðina, júní og júlí. „Þetta er fjölbreyttur hópur. Hluti er skólanemendur frá Færeyjum og Danmörku, fræðimenn koma víða að og svo áhugamenn um náttúru og fugla. Jens skrifar fræðigreinar í erlend tímarit og við fáum oft gesti hingað sem hafa lesið þær greinar og vilja kynna fuglaparadísinni Nólsey nánar. Þetta fólk kemur alls staðar að,“ segir Marita, og nefnir sem dæmi hóp frá Ástralíu sem nýlega bankaði upp á hjá þeim. Svo koma auðvitað líka ferðamenn sem hafa engan sérstakan áhuga á fuglum, en mikinn á því sem einkennir Færeyjar almennt. Fjölskrúðugt fuglalíf er óneitanlega þar á meðal.

Hjónin selja uppstoppaða fugla og Jens-Kjeld stoppar gjarnan upp fugla fyrir aðra. En það er samt aukatríði, fullyrðir Marita. Aðalatriðið er fræðimennskan. Henni er aðallega tími til að sinna á veturna.

Jens-Kjeld kemur í dyrnar, tilbúinn í slaginn. Með í poka hefur hann fuglanet, en hann hefur lofað að fanga fyrir okkur stormsvölur til að skoða, því hann segir illmögulegt að sjá þær skýrt með berum augum. Svo hratt fari þær í myrkrinu. Og ekki hefur hann mikla trú á því að okkur takist að festa þær á filmu á fluginu. „Það hefur enginn gert almennilega,“ glottir hann.

Frá Kaupmannahöfn til Nólseyjar

Jens-Kjeld er frá Kaupmannahöfn en hefur búið á Nólsey frá árinu 1974. Hann kom fyrst til Færeyja fjórum árum áður þegar hann var kokkur á dönsku herskipi. Jens-Kjeld hefur alla tíð verið áhugamaður um dýralíf, og þá fugla sérstaklega, og á Nólsey kynntist hann gömlum manni sem stoppaði upp fugla. „Ég ákvað á sínum tíma að læra frekar matreiðslu en náttúrufræði eða dýrafræði eins og hugur minn stóð þó til. Taldi mig betur í stakk búinn að kljást við brauðstríðið með þá menntun. Eftir að ég hætti í sjóhernum kom ég hvert sumar til að hjálpa til við uppstoppunina og flutti síðan alkominn hingað þegar gamli fuglafræðingurinn dó.“

Fyrir tíu árum byggðu Marita og Jens-Kjeld hús í Þórshöfn en Kaupmannahafnarbúinn fyrirverandi kann ekki við sig þar. Of mikill ys og þys og því fær stálpuð dóttir þeirra að leika þar lausum halda. Foreldrarir koma þó í styttri heimsóknir.

Við göngum í gegnum sofandi bæinn og Jens-Kjeld bendir á hús sem standa að. Þau eru þónokkur í ekki stærri bæ en einhver þeirra nýta brottfluttir eigendur sem sumarhús. „Þegar fiskvinnslunni var lokað fyrir sex árum flutti bærin aldri aftur í tímann,“ segir Jens-Kjeld. „Flestir þeirra sem hafa einhverja menntun starfa nú í Þórshöfn.“

Íbúar Nólseyjar eru um 250 talsins en voru rúmlega 350 áður en



NÓLSEYJARBÚAR á leið heim úr ferjunni með varning í hjólböru.



LITLI hundurinn gætti hjólbörunnar á meðan ferjan lagðist að landi.



ÞAD ríkti friður og ró við höfnina eftir að ferjan var farin aftur til Þórshafnar.



JENS-Kjeld Jensen fór á flug á meðan hann talaði um sitt aðaláhugamál - fuglana í Nólsey.



MARITA Gulkklett sat í eldhúsinu og bjó til minjagripi.



EIN lítill stormsvala föst í neti fuglafræðingsins.



JENS-Kjeld hefur hringmerkt 23 þúsund stormsvölur.

FERÐALÖG

NÓLSEY



fiskvinnslu var hætt. Meðalaldur íbúanna er nokkuð hár og börn á skólaaldri aðeins tuttugu og sjö.

Í fuglaleit

Á meðan við göngum út eftir eyjunninni að stormsvölubýggðinni fyllir Jens-Kjeld okkur af ýmsum fuglafróðleik á milli þess sem hann bægir frá forvitnum nautum. Stormsvölurnar koma frá hafi upp úr miðnætti. Þá er orðið nógu dimmt til þess að þær sleppi undan fránum augum ránfugla sem vita fátt gómsætara en litlar svölur. Svölurnar koma að landi til þess að skiptast á við makana um að passa hreiðin sem gjarnan eru í holum undir steinum hliðarinnar sem er áfangastaður okkar þessa nótt. „Eftir að fuglinn kemur inn liggja þeir um stund tveir saman,“ segir Jens-Kjeld, „og þá er mikið spjallað. Öll hlífín syngur. Síðan fer hin stormsvalan út til þess að finna sér fæði. Eftir um tveggja vikna þörun verpa fuglarnir og þá liggja þeir á eggjunum til skiptis.“

Jens-Kjeld segir svölurnar gjarnan vera úti eina, tvær, þrjár nætur ef þær þori ekki inn vegna ránfugla. „Það fer til dæmis mikið eftir skyggni. En það má ekki líða mikið lengri tími, þá verða þær að taka sjensinn.“

28 gramma stormsvelpar

Stormsvölurnar verpa að sögn Jens-Kjelds einu sinni á ári. Þessir litlu fuglar, 28 grömm að þyngd, fljúga hreint ótrúlega hratt og það er hægra sagt en gert að koma auga á þá skjótast á milli steinanna í rökrinu. Jens-Kjeld kallar „þarna er einn og þarna annar“ og loks náum við tökum á þessu - kannski af því að þeim fjölga sífellt svölum sem vilja heim þessa nótt. Jens-Kjeld segir ekki óalengt að svölurnar fljúgi á fólk sem stendur þarna í myrkrinu. „Þeir þekkja leiðina hérna og skjótast í blindni á milli steina.“

Jens-Kjeld hefur sett upp netið og það líður ekki á löngu þar til ein stormsvalan er fóst. Hann losar hana varlega og festir merktan hólka á fót hennar. Þannig hefur hann hringmerkt 23 þúsund stormsvölur og hann hefur líka fangað svölur með hringmerkjum, t.d. frá Íslandi og Portúgal, Noregi og Englandi. „Þessir litlu fuglar fljúga ótrúlegar vegalengdir á stuttum tíma,“ segir hann. „Ég hef frétt af svölum, sem

ég hef merkt, í Namíbu og Suður-Afríku. Og eina fangaði ég hér, 24 tímum eftir að hún hafði verið merkt í Skotlandi, 650 km héðan.“ Og Jens-Kjeld útskýrir að í raun lifi svölurnar úti á hafi, komi bara inn í land til þess að verpa og liggja á. „Þeir virðast líka vera langlífir,“ segir hann. „Ég fangaði einu sinni stormsvölu með 31 árs gömlu merki.“

Aðspurður segist Jens-Kjeld giska á að um fjögur hundruð þúsund stormsvölur séu í Færeyjum. „Þetta er stærsta stormsvölunýlenda heims, en samt eru nokkrir hér í bænum sem hafa aldrei séð stormsvölu,“ segir hann, og auðheyrir er að það þykir honum með ólíkindum.

Upphaflega tók Jens-Kjeld áhugasama ferðamenn með sér um leið og hann fór að fanga fugla til að merkja. En þar kom að hann fór að fara sérstakar ferðir með ferðamenn, og má mest taka fimmtán í hverja ferð, samkvæmt samkomulagi við eigendur landsins sem farið er yfir til að komast að stormsvölunýlendunni. Þegar hann fer einn í sérstakar ferðir getur hann á góðu síðsumarkvöldi náð að merkja um 500 fugla.

Af köttum og rottum

Færeyjarnar eru átta talsins og stormsvölur eru á fjórum þeirra. Jens-Kjeld útskýrir að á hinum fjórum hafi svölurnar horfið þegar rottur tóku sér þar bólfestu. „Við reynum að gæta þess að þær komi ekki hingað og við höfum líka sett kvóta á kattæign. Hér áður var ekki óalengt að gamalt fólk væri með fjölda katta, 150 krónur hlupust að heiman og urðu villikettir. Þeir gátu auðveldlega útrýmt stormsvölubýggð. Nú má hver fjölskylda aðeins eiga einn kött, og þarf að hugsa um hann svo hann hlaupist ekki að heiman. Nú eru tíu kettir á Nólsey og þeir halda sig í bænum.“

Klukkan var farin að ganga fjögur þegar við komum aftur heim í bæ. Við kvöddum Jens-Kjeld með virktum eftir að hafa greitt honum fyrir leiðsögnina, félagsskapinn og fróðleiksmolana, 150 krónur færeyskar á mann. Við tók stuttur nætursvefn því við vorum mættar í morgunverð klukkan sex til þess að ná einu ferju dagsins yfir til Þórshafnar hálf tíma síðar.

Nólsey var kvödd með söknuði.



FAGURT er á fjöllum. Íslendingar í Aspen.

Af Íslendingum og öðru fólki í Aspen

FYRSTU Íslendingarnir sem skíðuðu í Aspen munu hafa verið þeir Eysteinn Þórðarson, Jóhann Vilbergsson og Leifur Gíslason, allt þekktir skíðamenn. Þeir dvöldu þar við undirbúning fyrir Ólympíuleikana í Squaw Valley 1960.

Nokkru síðar settust þar að Úlfur Skæringsson og Hjördís Sigurðardóttir (Sig. í Holti). Þá bættust í hópin Steinþór Jakobsson frá Ísafirði, Haukur Sigurðsson einnig að vestan og Ásgeir Christiansen frá Hafnarfirði (Setbergsett). Þetta var allt vel þekkt skíðafólk sem stundaði skíðakennslu. Þau sem flengdu eru Úlfur, Hjördís og Steinþór. Hjördís og Steinþór eru bæði látin fyrir nokkrum árum.

Þeir Íslendingar er nú búa í Aspen og undirritaður þekkir til eru Úlfur og dóttir hans, Áslog. Fyrir fáum árum fluttust til Aspen Þóra Einarsdóttir (ættuð frá Varmadal, Kjalarnesi) viðskiptafræðingur og markaðsstjóri á Hótel St. Moritz Lodge í Aspen og eiginmaður hennar, Ólafur Jóhannsson arkitekt sem starfar hjá þekktari arkitektastofu í Aspen. Þetta er ungt og vel menntað fólk með bjarta framtíð.

Fyrir 20 árum fór skíðafólk frá Íslandi, að venja komur sínar til Aspen. Í fyrstu ferðinni var m.a. Pétur Símonarson frá Vatnskoti, landsþekktur ferðagarpur og skíðamaður. Hans er sárt saknað. Undanfarnir 12 ár hefir nokkur hópur Íslendinga, búandi í Bandaríkjunum, skíðað árlega í Aspen. Magnús Gústafsson hjá Coldwater Sea Food hefir leitt þennan hóp. Á síðasta vetri munu alls um 50 íslenskir skíðamenn hafa dvalið við skíðaiðkun í Aspen, flestir á vegum Úrvals-Útsýnar.

Skíðastaðurinn Aspen

Aspen var tiltölulega óþekktur sem skíðastaður fyrir 1950, en það ár fór þar fram heimsmeistararnót í alpagreinum. Með þeim fyrstu á staðinn var ungur Norðmaður. Þessi ungi maður starfaði við sportvöruslun á austurströnd Bandaríkjanna. Hann hafði hoppað upp í Greyhound-rútu og var kominn til Aspen eftir rúma viku. Þessi Norðmaður var Stein Erikson, tiltölulega óþekktur í USA. Stein keppti í uppáhaldsgrein sinni, svignu. Daginn fyrir keppnina hafði hann brotið keppnisskíði sín og keppti því á lánsskíðum. Öllum að óvörum var Stein með besta brautartímann eftir fyrri ferð. Nafn hans flaug um víða veröld. Næstu fjögur árin átti Stein eftir að vera

besti skíðamaður heimsins, bæði Ólympíu- og heimsmeistari.

Aspen er í 2.400 m hæð yfir sjávarmáli. Þetta er vinalegur bær, nokkurs konar endastöð í fögrum dal. Íbúar eru um 5.000. Þegar mest er um að vera um vetrartímann fer íbúatalan yfir 20.000. Skíðasvæðin eru fjögur. Beint upp af bænum trónir Aspen Mountain í 3.400 m hæð. Þangað gengur svokölluð gondola-skíðalyfta. Tekur það aðeins 15 mín. að fara þessa leið. Í fjallinu eru 76 merktar skíðaleiðir, margar tiltölulega auðveldar. Skíðalyftur flytja 10.775 manns á klst. Úlfur Skæringsson var í mörg ár yfirkennari við skíðaskólann í Aspen Mountain.

Næsta svæði er Aspen Hig-

eru samtals 318 merktar skíðaleiðir. Ná þessi fjögur svæði yfir 16 km vegalengd. Ókeypis strætisvagnar fara á milli svæðanna.

Það er hægt að fullyrða að allar skíðaleiðir eru mjög víðar og óheftar. Sumar brekkur eru troðnar daglega, aðrar annanhvorn dag. Skíðafærið ákaflega létt og þægilegt. Harðfenni næsta óþekkt. Allar skíðabrekkur snúa undan sólu. Vegna þessa helst snjórin mjög kaldur og færið létt. Hitastig að deginum venjulega frá 0° til +5° á Celcius frá fræga til mars.

Fræga fólk

Aspen hefir árum saman státað af mörgum frægum og þekktum nöfnum. Þar býr m.a. þekktasti golfleikari heims, Jack Nicklaus, tennisstjörnurnar Chris Evert og Martina Navratilova. Frægir leikarar eins og Goldy Hawn og Don Johnson dvelja þar langdvölum á eigin búgördum. Annars er þetta með fræga fólkid eins og annað, mjög afstætt. Um leið og þetta fólk er komið í skíðagallann, með sólgleraugu og aðra „munderingu“ er erfitt að þekkja hafrana frá sauðunum. Þetta fólk er að mestu látið í friði. Það er meira horft á þá sem dansa niður brekkurnar með stæl.

Flug til Minneapolis og Aspen

Rétt við Aspen er afbragðsgóður flugvöllur, Sardy Field. Þar lenda þotur upp að ákveðinni stærð og er umferð mikil.

Í vor hófu Flugleiðir reglubundið flug til Minneapolis. Þetta flug auðveldar mjög ferðalagið til Aspen, en í Minneapolis er hægt að ná beinu tengiflugi til Aspen og vera kominn þangað kl. 22.00 sama dag (6 klst. tímamunur). Þetta lengir skíðatímann svo mjög að jafnvel vikudvöl á skíðum gefur mikla möguleika fyrir þá er ekki hafa rúman tíma. Ein vika í Aspen getur orðið sem heill skíðavetur annars staðar. Engar biðraðir.

Þeir sem ætla að dvelja í Aspen hafa oftast góðan fyrirvara með hótélbókun. Venjulega dvelur fólk á sömu hótélum ár eftir ár. Í nýjum skíðabæklingi Úrvals-Útsýnar kemur fram að þeim hefir tekist að útvega herbergi á nokkrum ágætum hótélum. Í bæklingnum er greinargóð lýsing á öllum aðstæðum. Það er ekki amalegt að geta flogið frá Keflavík í eftirmiðdag og vera kominn í draumafærið næsta morgun.

Þórir Jónsson fyrrv. formaður Skíðasambands Íslands.



HÓPUR Íslendinga við bekk sem er gjöf frá íbúum Aspen til minningar um Hjördís Sigurðardóttur, skíðakennara.

hland. Skíðasvæði sem Stein Erikson stjórnaði í mörg ár. Stein gerði svæðið mjög eftirsótt, sérlega fyrir þá er vildu skíða bæði bratt og hratt og á þessu svæði leynast margar perlu fyrir meðaljóhinn. Hæsta lyftan er í 3.500 m hæð. Merktar skíðaleiðir eru 118. Skíðalyfturnar þar flytja rúmlega 9.000 á klst.

Lofthæðsla Marlons Brando

Þá kemur Buttermilk-kennslu og byrjendasvæði. Á því svæði stíga flestir sín fyrstu skíðaspor. Hjördís Sigurðardóttir kenndi þar í fjölda ára. Meðal nemenda hennar var fjölskylda Marlons Brando. Hjördís minnst oft á lofthæðslu Marlons. Hún sagðist oft hafa þurft að halda fast í hönd hans í lyftunum. Hæsta lyftan er í 3.000 m hæð. Merktar skíðaleiðir eru 43. SKÍðalyftur flytja 7.500 á klst.

Snow Mass er langstærsta skíðasvæðið (3.010 ekrur á mótí 1.730 ekrum sem hin þrjú spanna yfir). Þarna er nokkur bæjarkjarni með góðum matsölustöðum og verslunum. Þetta er ótrúlega stórt og glæsilegt skíðasvæði sem vart á sér nokkurn samjöfnuð. Hæsta lyftan í Snow Mass nær í 3.800 m hæð. Merktar skíðaleiðir eru 81 og lengsta skíðaleið 8,3 km. Lyfturnar flytja alls 24.300 á klst.

Á þessum fjórum skíðasvæðum